



FUNDARGERÐ

281. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ
fimmtudaginn 11. júní 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Stefán Eyjólfsson varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi Skúli Björnsson.

Dagskrá:

1. Covid-19 – staðan hjá HEF
2. Fljótsdalshérað ljóstengt
 - a. Staða undirbúningsvinnu
 - b. Fell
 - c. Efniskostnaður, verðkönnun Fjarskiptasjóðs
3. Fjármál
 - a. Staða lána – fjármögnun
 - b. Staða áætlunar, 4 mán. og bráðabirgðatölur maí
4. Mál fyrrum framkvæmdastjóra
5. Yfirlit verkefna
6. Undirbúningur vegna sameiningar sveitarfélaga
7. Erindi um hagkvæmnikönnun „Orkuveitu Fljótsdalshéraðs“
8. Ráðning iðnaðarmanns
9. Önnur mál
 - a. Austurljós – samningur
 - b. Átak stjórnvalda í fráveituframkvæmdum
 - c. Djúpvogur, jarðhitavirkjun

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

1. Covid-19 – staðan hjá HEF

Engin röskun hefur verið hjá starfsfólki eða á starfsemi. Skrifstofa var opnuð 2. júní. Allir halda vöku sinni, aukin áhersla hefur verið lögð á þrif og sótthreinsun sameiginlegra snertiflata á skrifstofu og verður svo eitthvað áfram.

2. Fljótsdalshérað ljóstengt

a. Staða undirbúningsvinnu

Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni, hefur verið ráðin til að annast nauðsynlega skráningarvinnu og veita ráðgjöf við val á lagnaleiðum ljósleiðara. Samráð hefur verið haft við minjavörð Austurlands um fyrirkomulag vinnunnar. Rannveig er byrjuð vinnuna í Eiðabínghá. Skriðdalur og Efri Jökuldalur eru næstir í forgangs röðinni.

Þá hefur Skarphéðinn Smári Þórhallsson, hjá Logg ehf., verið ráðinn til ráðgjafar við leiðaval og til að halda utanum samningagerð við landeigendur og væntanlega notendur kerfisins.

Rannveig og Smári munu vinna náið saman og stefna að fáum hnitmiðuðum heimsóknum til ábúenda í kjölfar kynningarbréfs sem dreift verður á næstu dögum í Eiðabínghá og með

hæfilegum fyrirvara í sveitir sem fylgja í kjölfarið. Tímaáætlun Rannveigar og Smára er í smíðum.

Verðkönnunarferli fyrir tæknilegan ráðgjafa og deilihönnuð ljósleiðarakerfisins er í gangi.

b. Fell

Deilihönnun er fyrirbyggjandi og verðkönnun fyrir blástur og tengingu verður gerð á næstu dögum.

c. Efniskostnaður, verðkönnun Fjarskiptasjóðs

Ráðgjafar Fjarskiptasjóðs yfirfóru sérstaklega efniskostnaðarliði áætlunar sinnar og hafa staðfest áætlun sína upp á 64,4 Mkr. efniskostnað án virðisaukaskatts. (Ófyrirséð ekki með í þeirri tölu) Framkvæmdastjóra falið að taka saman kostnað við efniskaupin sem þegar hafa átt sér stað og greiningu á honum og áætlun um endurgreiðslu vsk af framkvæmdinni.

3. Fjármál

a. Staða lána – fjármögnun

Í vinnslu.

b. Staða áætlunar, 4 mán. og bráðabirgðatölur maí

Í vinnslu.

4. Mál fyrrum framkvæmdastjóra

Páll Breiðfjörð Pálsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri HEF, hefur stefnt HEF vegna starfsloka hans. Lagt fram til kynningar.

Lögmanni falið að gæta hagsmuna HEF, m.a. varðandi mögulegar gagnkröfur í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra.

5. Yfirlit verkefna

Hafrafell; unnið í heimæðatengingum. Borun undir vegi ólokið ásamt tengivinnu á svæði kyndi-stöðvar.

Tjarnarbraut – regnvatn; yfirborðsfrágangur tefst vegna frestunar á uppsetningu malbikunarstöðvar á Reyðarfirði. Ólokið er tengingum á gatnamótum Útgarðs og Tjarnarbrautar.

Fráveituverkefni; 5 farmar af 6 af útrásarrörum eru komnir á verkstað. Samsetningarvinna í vinnslu. Jarðvinna hófst sl. þriðjudag.

Selás – endurnýjun; Eitt tilboð barst, frá Austurverki.

Urriðavatn; birgi mun útvega nýja og betri tíðnibreyta (sbr. bókun á síðasta fundi).

6. Undirbúningur vegna sameiningar sveitarfélaga

Umræður um mögulegar heimsóknir á stækkað veitusvæði HEF. Starfsmenn HEF og stjórnarmenn, eftir atvikum, hyggjast heimsækja Borgarfjörð, Seyðisfjörð og Djúpvog á næstu vikum. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa heimsóknirnar.

7. Erindi um hagkvæmnikönnun „Orkuveitu Fljótsdalshéraðs“

Stjórn hefur fengið framsent frá Fljótsdalshéraði erindi Benedikts Wáren; tillögu um hagkvæmniathugun á stofnun „Orkuveitu Fljótsdalshéraðs“. Stjórn þakkar erindið og vísar því til nýrrar sveitarstjórnar í sameinuðu sveitarfélagi.

8. Ráðning iðnaðarmanns

6 umsækjendur eru um starf iðnaðarmanns. Úrvinnsla umsókna er að ljúka og gengið verður frá ráðningu á næstu dögum.

9. Önnur mál

a. Austurljós – samningur

Í vinnslu.

b. Átak stjórnvalda í fráveituframkvæmdum

Erindi framsent frá Fljótsdalshéraði – hefur einnig borist HEF í gegnum Samorku.
Lagt fram til kynningar.

c. Djúpivogur – jarðhitavirkjun

Framkvæmdastjóri kynnti áform á Djúpavogi um virkjun jarðvarma. Í vinnslu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 18:10.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir

Fundargerð staðfest, _____ 2020

_____	_____
_____	_____
_____	_____